

Verðlaunamyndirnar 2013

Dómnefnd:

Bjarni Eiríksson, Dagur Gunnarsson og Karl Petersson skipuðu dómnefndina sem fór í gegnum fréttamyndirnar, íþróttamyndirnar og myndraðirnar.

Gísli Egill Hrafnsson, Aldís Pálsdóttir og Hörður Sveinsson sátu í dómnefndinni sem fór í gegnum tímaritamyndirnar, portrettin, daglegt líf og umhverfi.



Ljósmyndari:
Páll Stefánsson

Mynd ársins



Umsögn dómnefndar:

Tilfinningaþrungið portrait sem fangar athygli áhorfanda samstundis, vekur upp óræðnar tilfingrar og lætur áhorfandann vilja vita meira um viðfangsefnið, hver er stúlkan, hvað kom fyrir?

Mynd ársins er af Maylis Lasserre, franskri stúlku sem var týnd á Vestfjörðum í two daga. Myndin var einnig valin portrettmynd ársins.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Árni Torfason



Umsögn dómnefndar:

Hin rísandi unga stjarna, Aníta Hinrikssdóttir, er í brennipunkti þessarar listfengnu myndar sem kemur til skila bæði hraða og hreyfingu.

Daglegt líf



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson



Umsögn dómnefndar:

Snjöll innrömmun hjá ljósmyndaranum, að ná að fanga augnarráð „pinup“-stúlkunnar í glugganum, sem gjóar augunum að unga fólkini í uppvakningagervinu. Tvinnar saman þeirra ólíku (þó ekki) menningarheima.

„Daglegt líf“-mynd ársins er af uppvakningum á Hverfisgötu.

Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon



Umsögn dómnefndar:

Skemmtilega unnin mynd af tónlistarmanninum Ásgeiri Trausta. Myndvinnsla í takt við tónlistarstefnu hans. Dæmi um einfalda hugmynd, sem virkar.

Portrettmynd ársins



Ljósmyndari:
Páll Stefánsson



Umsögn dómnefndar:

Tilfinningaþrungið portrait sem fangar athygli áhorfanda samstundis, vekur upp óræðnar tilfingningar og lætur áhorfandann vilja vita meira um viðfangsefnið, hver er stúlkan, hvað kom fyrir?

Portrettmynd ársins er af Maylis Lasserre, franskri stúlu sem var týnd á Vestfjörðum í two daga. Myndin var einnig valin mynd ársins.

Umhverfismynd ársins




Ljósmýndari:
Vilhelm Gunnarsson



Umsögn dómnefndar:

Áhrifarík mynd sem dregur skýrt fram hversu stór í sniðum síldardauðinn í Kolgrafarfirði var. Val ljós-myndara á sjónarhorni gerir það að verkum að landið virðist „teppalagt“ af síld. Útkoman er á vissan hátt yfirþyrmandi en jafnframt súrrealísk.

Fréttamynd ársins



Ljósmýndari:
Sigtryggur Ari
Jóhannesson



Umsögn dómnefndar:

Umsögn dómnefndar: Þetta er ákaflæga einföld og vel uppbyggð fréttamynd. Styrkur hennar felst í samspili magnþrunginnar birtu og einfaldleikanum sem kalla fram sterk hughrif. Hún markar endalokin á langri og sorglegri sögu afbrotamanns sem öll þjóðin var meðvituð um.

Fréttamynd ársins er af Karli Vigni Þorsteinssyni er hann var færður fyrir héraðsdómara.

Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson



Umsögn dómnefndar:

Frábær og vel unnin myndröð sem lýsir vel þeim erfiðleikum sem Guðmundur þarf að mæta daglega. Hér er á ferðinni myndröð með mörgum góðum og sterkum myndum.

Guðmundur Felix Grétarsson missti báða handleggina í vinnuslysi árið 1998 og hefur þurft hjálp við daglegt líf síðan. Árið 2013 fór hann til Frakklands þar sem þarlendir læknar hafa ákveðið að reyna að græða á hann nýjar hendur. Síðustu vikuna fyrir brottför var mikið að gera og ljósmyndari fylgdist með.